

Gildistökuákvæði.

Reglugerð þessi tekur þegar gildi. Um leið falla úr gildi ákvæði XIV. kafla reglugerðar fyrir Háskóla Íslands nr. 98/1993, með áorðnum breytingum, sem birt var í A-deild Stjórnartíðinda.

Háskóla Íslands, 15. desember 1999.

Páll Skúlason.

Pórður Kristinsson.

AUGLÝSING

um takmörkun á innflutningi tiltekinna matvæla frá Belgíu.

1. gr.

Auglýsing þessi gildir um innflutning frá Belgíu á eggjum, eggjavörum öðrum en eggjahvítu og alifuglum, svínnum og kjötvörum úr þeim. Hún gildir einnig um innflutning á próteini og fitu sem unnin er úr framangreindum hráefnum og innflutning á unnum matvörum sem innihalda sömu hráefni og þar sem magn dýrafitu er meira en 2%. Auglýsingin gildir þó ekki um unnar vörur sem sannanlega innihalda 2% eða minna af eggjum eða 2% eða minna af eggjavörum sem innihalda 10% eða minna af fitu úr eggjum.

2. gr.

Auglýsingin er sett til að tryggja að afurðir úr alifuglum og svínnum sem fengu díoxín-mengað fóður á tímabilinu 15. janúar til 1. júní 1999, eða unnar vörur úr þessum afurðum, séu ekki til dreifingar hér á landi.

3. gr.

Innflytjendur matvæla sem falla undir ákvæði 1. gr. skulu framvísa vottorði í samræmi við ákvæði ákvörðunar Evrópusambandsins nr. 1999/640/EB og viðauka þeirrar ákvörðunar. Ef ekki er unnt að leggja fram slíkt vottorð er innflutningur vörunnar ekki heimill.

Ef vara sem auglýsing þessi tekur til er hér á markaði við gildistöku hennar er eftirlitsaðila heimilt að gera kröfu um að innflytjandi leggi fram staðfestingu skv. 1. mgr. og skal þá stöðva dreifingu vörunnar þar til hún liggur fyrir. Geti innflytjandi ekki staðfest að varan sé ekki menguð með díoxíni skal hún innkölluð.

4. gr.

Matvæli sem sannanlega eru framleidd eða unnin úr hráefni sem framleitt var fyrir 15. janúar 1999 eru undanþegin ákvæðum þessarar auglýsingar.

Komi upp ágreiningur um hvort tiltekin vara fellur undir ákvæði auglýsingarinnar skal eftir atvikum Hollustuvernd ríkisins eða embætti yfirdýralæknis skera úr um hvort leggja beri fram staðfestingu vegna efnainnihalds hennar. Heimilt er að kæra niðurstöðu Hollustuverndar ríkisins til umhverfisráðherra og yfirdýralæknis til landbúnaðarráðherra.

5. gr.

Eftirlit með framkvæmd auglýsingar þessarar skal vera skv. ákvæðum 22. gr. laga nr. 93/1995 um matvæli, sbr. og III. tl. ákvæðis til bráðabirgða í lögum nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir.

6. gr.

Auglýsing þessi er birt samkvæmt 28. gr. laga nr. 93/1995 um matvæli, með hliðsjón af ákvörðun Evrópusambandsins nr. 1999/640/EB um varnaraðgerðir vegna díoxínmengunar í afurðum úr svínum og alifuglum, að höfðu samráði við landbúnaðarráðuneytið vegna eftirlitsskyldu embættis yfirdýralæknis. Auglýsingin öðlast þegar gildi. Frá sama tíma fellur úr gildi auglýsing nr. 396/1999 um takmörkun á innflutningi tiltekinna matvæla frá Belgíu, sbr. síðari breyting á auglýsingunni nr. 487/1999.

Umhverfísráðuneytinu, 22. desember 1999.

F. h. r.

Magnús Jóhannesson.

Ingimar Sigurðsson.

REGLUR

um lausafjárhlutfall.

Bankastjórn Seðlabanka Íslands hefur með vísan til 1. gr. laga nr. 96/1999, sbr. 4. gr. laga nr. 88/1998, um breytingu á 8. gr. laga nr. 36/1986 um Seðlabanka Íslands með áorðnum breytingum, og að höfðu samráði við bankaráðið sett eftirfarandi reglur um lausafjárhlutfall bindiskyldra lánastofnana.

1. gr.

Gildissvið.

Reglur þessar taka til viðskiptabanka, sparisjóða, annarra stofnana og félaga sem heimilt er lögum samkvæmt að taka við innlánnum frá almenningi til geymslu og ávöxtunar og annarra lánastofnana sem starfa skv. lögum og ber að uppfylla reglur Seðlabanka Íslands um bindiskyldu, nú nr. 794 frá 30. desember 1998.

2. gr.

Mat á lausu fé.

Lánastofnanir, sbr. 1. gr., skulu kappkosta að eiga nægt laust fé til að mæta greiðsluskuldbindingum sínum. Laust fé skal flokkað eftir neðangreindum fjórum tímabilum:

- Laust innan eins mánaðar.
- Laust eftir einn mánuð til allt að þriggja mánaða.
- Laust eftir þrjú mánuði til allt að sex mánaða.
- Laust eftir sex mánuði til allt að tólf mánaða.

Lausafjárhlutfall eins og það er skilgreint í reglum þessum skal reiknað mánaðarlega á grundvelli upplýsinga í lok hvers mánaðar skv. sérstakri skýrslu til Seðlabanka Íslands. Form skýrslunnar er fylgiskjal með reglum þessum.

3. gr.

Lágmark lausafjárhlutfalla.

Með lausafjárhlutfalli er átt við hlutfall lausafjárkrafa og lausafjárskuldbindinga sbr. 5. og 6. gr. þessara reglna. Lausafjárhlutföll lánastofnana skulu eigi vera lægri en 1 fyrir hvorn liðanna a) og b) í 1. mgr. 2. gr. Sé lausafjárhlutfallið skv. a) lið hærra en 1 skal heimilt að yfirfæra þá fjárhæð sem umfram stendur yfir á b) lið.

Lánastofnanir skulu einnig gera grein fyrir lausafjárhlutföllum fyrir önnur tímabil, þ.e. skv. c) og d) lið 1. mgr. 2. gr.